



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 28. maí 2020
nr. erindis 2005106 SIS

Á 916. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 27. maí 2020 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 12. maí 2020 frá nefndasviði Alþingis. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum), 776. mál.

Byggðarráð fagnar frumvarpinu en framundan eru umfangsmiklar fráveituframkvæmdir hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Sveitarfélögin í landinu hafa lengi kallað eftir endurskoðun á fyrirkomulagi fráveituframkvæmda en um er að ræða nauðsynlegar en um leið mjög fjárfrekar framkvæmdir sem eðlilegt er að ríki og sveitarfélög hafa samvinnu um að koma í gott horf. Enginn vafi er á að stuðningur ríkisins mun skipta miklu máli í því mikilvæga verkefni að hraða fráveituframkvæmdum vítt og breytt um landið.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar


Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri